



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 25. október 2024

MSS24090059

## MINNISBLAÐ

### Varðandi tillögu Flokks fólksins um átak í ráðningum á frístundaheimili

Á fundi borgarstjórar 15. október 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði og skóla- og frístundasviði að fara í sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum og til að manna stöður frístundaheimila. Lagt er til að í átakinu skuli m.a. leita óhefðbundinna leiða, s.s. með því að samþykkja sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda og með því að leita samstarfs við hagsmunafélög eldra fólks og hagsmunasamtök námsmanna með það að markmiði að bjóða fólki úr þessum hópum störf á frístundaheimilum.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

### Umsögn skóla- og frístundasviðs

Staðan á biðlistum og ráðningum frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva var 9. október 2024, sbr. minnisblað lagt fram í skóla- og frístundaráði 14. október, sú að það átti eftir að ráða í 38,8 stöðugildi eða um 76 starfsmenn. Staðan 25. október er sú að það vantar 43 starfsmenn í ofangreind störf eða 21,5 stöðugildi svo það bætast við starfsmenn með hverri vikunni.

Staðan á biðlistum breytist daglega en þann 9. október voru 342 börn á biðlista og 531 með hlutavistun en 25. október eru 257 börn á biðlista og 241 með hlutavistun í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Mikið af starfsfólki frístundaheimila eru námsmenn þar sem um hlutastörf er að ræða og hefur auglýsingum eftir starfsmönnum m.a. verið beint á miðla þar sem námsmenn geta séð þær. Skóla- og frístundasvið hefur nýtt formlegar og óformlegar leiðir til að ná til starfsmanna t.d. með öflugum auglýsingaátaki þar sem birtingaráætlun miðar að því að ná til ungs fólks. Meðal þeirra leiða sem nýttar hafa verið eru auglýsingar á vefmiðlum, samfélagsmiðlum og auglýsingaskiltum. Frístundamiðstöðvarnar og starfseiningar þeirra frístundaheimili og félagsmiðstöðvar geta státað af hæstu starfsánægju meðal starfsmanna innan borgarinnar og kemur það fram í starfsmannakönnunum borgarinnar *Stofnun ársins* síðast liðin ár. Öflugt fagstarf og ánægja starfsmanna í starfi er besta leiðin til að laða að starfsmenn enda koma flestir starfsmenn til starfa hjá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í gegnum persónuleg tengsl við starfseminna.



Reykjavík



Hlunnindi starfsfólks á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum, til viðbótar við þau hlunnindi sem allt starfsfólk borgarinnar hefur þ.e. líkamsræktarstyrkur 28.000 kr. á ári og samgöngustyrkur kr. 7.500 á mánuði, eru afsláttur á dvalargjöldum og forgangur fyrir börn starfsfólks, sbr. [Reglur um þjónustu frístundaheimila](#).

Fram að þessu hefur ekki komið til álita hjá Reykjavíkurborg að veita nýju starfsfólki sérstök hlunnindi umfram þá starfsmenn sem þegar eru við störf og sinna sömu verkefnum.

Á liðnum árum hefur verið reynt að höfða sérstaklega til eldra fólk til fastra starfa bæði í leikskólum og frístundastarfi en það hefur lítinn árangur borið. Eldri borgarar hafa flestir lokið sinni starfsævi og hafa ekki sýnt áhuga á að festa sig í erilsömum hlutastörfum í frístundaheimilum eða sértækum félagsmiðstöðvum.